

GJALDSKRÁ**fyrir****rafveitu Eskifjarðarhrepps.****47****8. apríl****1. gr.**

Verð á rafmagni til ljósa:

I. Eftir mæli:

0,70 króna fyrir hverja kílówattstund.

II. Án mælis:

1. Í íbúðarhúsum 50 aurar fyrir hvert watt

2. Í geymsluhúsum, sjóhúsum, öðrum útihúsum

og á bátabryggjum 20 — — — —

3. Á hafskipabryggjum 30 — — — —

fyrir hvert ljósár.

Ofanskráð verðlag er rafveitunefnd í samráði við hreppsnefnd heimilt að hækka eða lækka um 10%.

Verði rafmagn selt til suðu, hitunar eða vjelreksturs, ákveður rafveitunefndin gjald fyrir það í samráði við hreppsnefndina.

2. gr.

Rafmagnsgjöld eftir mæli ber að greiða þegar þau eru krafín, rafmagnsgjöld án mælis skal greiða fyrir 1. október ár hvert, fyrir það ljósár, sem þá er byrjað.

3. gr.

Hafi gjaldið eigi verið greitt hálfum mánuði eftir gjalddaga má slíta sambandi við hlutaðeigandi notanda eftir skriflega tilkynningu til húseiganda, sem ber ábyrgð á því að gjaldið sje greitt í tæka tíð. Taka má gjaldið lögtaki.

4. gr.

Með gjaldskrá þessari er numín úr gildi gjaldskrá fyrir notkun rafmagnsveitu í Eskifjarðarhreppi frá 15. mars 1916.

Gjaldskrá þessi, sem hreppsnefnd Eskifjarðarhrepps hefir samið og samþykkt staðfestist hjer með samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 til að öðlast gildi 1. maí 1925 og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 8. apríl 1925.

Magnús Guðmundsson.

Oddur Hermannsson.